



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

KOLVIÐARHÓLL HOLA KHG-1. 2. ÁFANGI.

Borun fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu
frá 235-793m.

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur
af vinnuhópi JHD og JBR.

83 096

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verknúmer 611-115

KOLVIÐARHÓLL HOLA KHG-1. 2. ÁFANGI.

Borun fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu
frá 235-793m.

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur
af vinnuhópi JHD og JBR.

OS-85096/JHD-53 B

Nóvember 1985.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR	3
2 BORSAGA	3
3 JARDLÖG OG UMMYNDUN	5
4 MÆLINGAR	6

MYNDASKRÁ

1 Gangur borunar annars áfanga	10
2 Hitamæling 1985.10.23	11
3 Víddarmæling 1985.1.23	12
4 Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í borun	13
5 Hitamæling 1985.10.29 inni í stöngum og 1985.10.29 eftir upptekt	14
6 1. steyping 9 5/8" fóðringar	15
7 Hitamæling 1985.10.31 eftir 1. steypingu og hitamæling 1985.11.06 eftir 2. steypingu	16
8 CBL-mælingar 1985.10.31, 1985.11.06 og 1985.11.08	17
9 Sprengja 1985.11.01 dýpi 398,5 m	18
10 Sprengja 1985.11.01 dýpi 381 m	19
11 2. steyping 9 5/8" fóðringar	20
12 Sprengja 1985.11.06 dýpi 110,4 m	21
13 Hitamæling 1985.11.08 eftir 3. steypingu og hitamæling 1985.11.08 eftir 3. CBL-mælingu	22

TÖFLUR

Tafla 1 Fóðrunarskýrsla	7
Tafla 2 Mælingar í holu KHG-1, öðrum áfanga	9

1 INNGANGUR

Verkþáttur þessi er unninn samkvæmt rannsóknarsamningi milli Hitaveitu Reykjavíkur og jarðhitadeildar Orkustofnunar. Eftirtaldir aðilar unnu að verkinu: Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, Benedikt Steingrímsson, Grétar Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Guðmundur Ó. Friðleifsson, Guðni Axelsson, Guðni Guðmundsson, Héðinn Ágústsson, Hilmar Sigvaldason, Jósef Hólmjárn og áhöfnin á Gufubor.

2 BORSAGA

Borun fyrir 9 5/8" (244 mm) vinnslufóðringu holu KHG-l hófst eftir helgarfrí bormanna, 21. október á 235 m dýpi, og lauk 29. október á 793 m dýpi. Gangur borunar er sýndur á mynd 1.

Borun með 12 1/4" (311 mm) krónu gekk vel niður á 375 m dýpi, en þá hrundi úr holuveggjum. Borstrengur var því tekinn upp og holan hita- og víddarmæld (mynd 2 og 3). Mælir komst í 358 m dýpi og sýndi mælingin skáp þaðan upp í 355 m. Svarfskoðun (mynd 4) benti til að allur kaflinn þaðan og í botn hefði hrunið.

Steypt var í skápinn í tveim áföngum. Fyrst var stöngum snúið niður á 372 m dýpi um leið og steypt var úr 4 tonnum af sementi. Þá voru teknir úr nokkrir standar, stangarendi hafður á móts við lekastaði milli 310-330 m og steypt úr öðrum 4 tonnum af sementi.

Að útborun lokinni tókst að bora áfram með vatni niður á 403 m dýpi, en þá varð aftur vart við hrun úr holuveggjum, nú úr kaflanum neðan 370 m (mynd 4). Í stað þess að steypa aftur var ákveðið að reyna að bora áfram með geli.

Holan var fyrst skoluð með geli og komu upp kynstur af grjóti í fyrstu. Voru stærstu molar 7x4x3 cm. Borað var áfram með geli og gekk borun skrykkjótt í fyrstu vegna hruns. Er á borun leið fór þó að ganga betur, einkum eftir að komið var í basaltkaflann neðan 406 m dýpis (mynd 4).

Frá 450 m í fóðringardýpi (793 m) gekk borun síðan tafalaust að heita má. Blandað var viðbótargel öðru hvoru eftir þörfum.

Fylgst var reglulega með skoltapi og hitastigi skolvökva upp og niður holu (mynd 4). Skoltap var óverulegt lengst af borun. Hitastig skol-

vökva upp úr holu var rétt um 10°C meðan borað var með vatni, en fór hækkandi í stökkum meðan á gelborun stóð (mynd 4).

Fóðringardýpi var náð að morgni 29. október. Eftir að borun var hætt var svarfi dælt úr holunni með geli í rúma klukkustund. Þá var holan hreinsuð með vatni í u.p.b. 2 tíma og síðan var hitamælt (mynd 5). Eftir upptekt voru jarðlagamælingar gerðar, en nánar er fjallað um þær í kafla 4.

Þann 30. október var $9\frac{5}{8}''$ (244 mm) fóðurrörum komið fyrir í holunni (tafla 1). Kom þá í ljós að 13 m botnfall hafði myndast og erfitt var að hnika til rörunum. Hringdæling náðist þó þegar búið var að tengja borstrenginn. Hiti var þá orðinn allnokkur og smá gos varð í byrjun dælingar. Holan var því kæld yfir nótt og að morgni 31. október hófst steyping klukkan 09:20 (mynd 6). Eðlisþyngd steypunnar mældist um 1.74 g/cm^3 . Er búið var að steypa í 22 mínútur fór að byggjast upp þrýstingur og vatn hætti að koma upp eftir 25 mínútur. Þrýstingur fór þá upp í 800 PSI. Þá varð að hætta steypingu og tókst að dæla vatni á eftir steypunni í 5 mínútur og hreinsa efstu 300 m úr stöngunum. Þá var þrýstingur kominn upp í 900 PSI og varð því að hætta.

Hita- og steypumælt (CBL) var klukkan 21:30-24:00 þann 31. nóvember og fannst steypuborð á 400 m dýpi (myndir 7 og 8). Var þá ráðist í að útbúa sprengju sem slakað var niður á 395,8 m dýpi (mynd 9). Ekki tókst að hringdæla vatni eftir sprenginguna svo aftur var sprengt en nú á 378,0 m dýpi (mynd 10). Eftir síðari sprenginguna tókst hringdæling.

Steypt var gegnum skotgöt á fóðurröri milli klukkan 05:37 og 06:00. Steypt var úr 25,5 tonnum af portland sementi (mynd 11) og var eðlisþyngd steypunnar um $1,73 \text{ g/cm}^3$. Eftirdæling tók 23 mínútur og var dælt 61 cm úr kari, en steypa kom ekki upp.

Eftir fjögurra sólarhringa frí bormanna hófst vinna á ný að morgni 6. nóvember. Um klukkan 14:00 þann dag var allt klárt til hita-og CBL-mælinga (myndir 6 og 7). Góð steypa mældist á 145 m dýpi og steypuhröngl upp á 108 m dýpi. Var þá ákveðið að sprengja göt á fóðurrörið á dýptarbilinu 108,2-110,5 m (mynd 12). Steypt var gegnum sprengjugötin frá klukkan 18:55-19:05. Steypt var úr 9 tonnum af sementi og mældist eðlisþyngd steypunnar um $1,80 \text{ g/cm}^3$. Eftirdæling tók 5 mínútur og var 15 cm dælt úr kari. Steypa kom upp og reyndist eðlisþyngd hennar þá $1,72 \text{ g/cm}^3$.

Þann 7. nóvember var gengið frá holutoppi og um klukkan 24:00 var byrjað að bora út steyputappana. Milli klukkan 13:00 og 16:00 þann 8. nóvember var hita- og CBL-mælt (myndir 13 og 8) og þar með lauk 2.

áfanga borunar holu KHG-1.

3 JARÐLÖG OG UMMYNDUN

Einfaldað jarðlagasnið ásamt mælingum í borun er sýnt á mynd 4.

Frá enda öryggisfóðringar niður á 270 m dýpi var borað í gegn um grágrýtishraun kennd við Húsmúladýngjuna, og er því syrpa þessi um 85 m þykk (185-270 m).

Neðan dyngjusyrpunnar er um 20 m þykk basaltbreksía og síðan tvö basalthraunlög með 10 m þykkri breksíu á milli. Hraunlöggin eru all sprungin og sprungufyllt með kalsíti.

Frá 330 m í 406 m eru basaltbreksíulög einkennandi. Samanstanda þau trúlega úr bólstrabrotabergi. Lagskil eru all tíð, og breksían er illa samlímd með smektíti og kalsíti, all gropin og ákaflega hrungjörn. Móbergsglerið er að mestu ummyndað í smektít, en þó má sjá ferskar gler innlyksur í allri þessari myndun.

Frá 406 m í 480 m var borað í misgrófkornótt, feldspatdílótt basalthraunlög. Hraunlöggin eru fremur ferskleg og eru holu- og sprungufyllur aðallega úr leir og kalsíti.

Frá 480 m í 615 m er kargaleg basaltbreksía ríkjandi. Breksían er misjafnlega túffrík og gæti því allt eins verið samsett úr mjög blöðróttum, illa kristölluðum þunnum hraunlögum. Á einfaldaða sniðinu á mynd 4 er breksían sýnd sem glerjað basalt.

Frá 615 m í 760 m var borað í grófkornótt basalthraunlög (e.t.v. ólivín þóleiít). Hraunlöggin eru ákaflega blöðrótt og rauðleit af oxideringu járns, enda límonít algengt.

Frá 760 m í 793 m eru fínkorna ummynduð basaltlög einkennandi. Greina má einstaka hraunlög í sundur á rauðoxuðum kargalögum.

Frá enda öryggisfóðringar niður á 500 m dýpi einkenna kalsít og smektít ummyndunarsamfélagið. Kalsít-fylltar sprungur eru t.d. mjög algengar, og má segja að kalsítútfellingar myndi einskonar "cap-rock" á jarðhitakerfið.

Neðan 500 m niður á u.p.b. 600 m minnkar magn kalsíts verulega, og frístandandi lághitazeólítar finnast í magni sem holufyllingar.

Skólesít, heulandít og stilbít eru þeir algengustu, og virðast síðastir útfellinga í bergeninu. Þessir zeólitar eru taldir myndast úr vatni undir 120°C heitu.

Laumontít kemur inn á 584 m dýpi og yfirprentar lághitazeólítana, sem finnast sem holufyllingar neðar í borholunni. Laumontít einkennir steindasamfélagið allt niður í fóðringardýpi og er oft í miklu magni. Það er talið myndast við hærri hita en 120°C. Þar sem ummyndunarhiti í 600 m dýpi benti til hitastigs undir 200°C var ákveðið að síkka vinnslufóðringu í samræmi við rannsóknarsamning.

4 MÆLINGAR

Í töflu 2 eru skráðar allar borholumælingar, sem framkvæmdar voru í öðrum áfanga borverks holu KHG-1. Holan var fyrst mæld, þegar borað hafði verið í 375 m dýpi. Þá var bullandi hrun í holunni, og ekki hægt að bæta í strenginn vegna botnfalla. Skoltap var um 4,5 l/s. Hitamælingin (mynd 2) sýndi, að skolvatnið tapaðist út um æðar á 310-350 m dýpi, en ekki tókst að mæla dýpra en í 358 m dýpi vegna botnfalla (18 m). Næst var holan víddarmæld (mynd 3). Mælingin sýndi 26" (660 mm) víðan skáp frá 355 m og niður á botnfallið í 358 m dýpi. Efri hluti holunnar hafði hins vegar ekki þvegist út. Eftir að steypt hafði verið í hrunkaflann tókst að bora holuna niður í fóðringardýpi (793 m) með því að nota gel sem skolvökva. Fyrir upptekt var hitamælt í stöngum til að kanna upphitun. Ekkert skoltap var í holunni og upphitun í botni allhröð eða um 20-25°C á klst eins og sést af mynd 5. Eftir upptekt var hitamælt að nýju (mynd 5) og var botnhiti þá orðinn rúmlega 100°C. Holan var síðan víddarmæld, og loks framkvæmdar jarðlagamælingar. Samkvæmt víddarmælingunni er megnið af holunni óvenjulega lítið útþvegið. Var nánast sem holan væri þegar fóðruð með röri. Undantekning var þó hrunkaflinn á 360-385 m dýpi, og fundust þar 26" (660 mm) víðir skápar.

Eins og fram kom í kafla 1 voru gerðar 2 CBL-mælingar meðan á fóðringu stóð (mynd 8) og var hitamælt á undan þeim (mynd 7). Loks var CBL-mælt í lok borverks (mynd 8) og hitamælt á undan og eftir (mynd 13). Sú CBL-mæling sýnir tiltölulega góða steypu nema á 370-400 m dýpi og í kringum 100 m dýpi, eða við skotstaðina. Stærsta æðin sem sést í hitamælingum fyrir þennan áfanga er í 380 m.

Um jarðlagamælingar verður fjallað í lokaskýrslu.

Tafla 1 Fóðrunarskýrsla

ORKUSTOFNUN
JARÐBORANIR RÍKISINS

FÓÐRUNARSKÝRSLA

Gufubor

VERK NR.	HOLA NR.	BORSTAÐUR	VERKKAUPI
573	KhG-1	Kolviðarhóli	Hitaveita Reykjavíkur
VÍÐ HOLU	DÝPT HOLU	FÓÐRING NR.	ÚTFYLLT
12 1/4"	793	3	30-10-1985
			H,A

FJARLÆGÐ KJALLARABRÚN—KRAGI			
PVERM. UTAN 9 5/8" INNAN			2,65 m
GERÐ	J-55	PÝNGD	47 lbs/ft
TENGI	Skrúfuð		
NOTAÐ	785,39 m	FRÁ KRAGA	773,93m
KRAGI(FLANGS)	Gasinghedd frá O og V		
SKÓR	Flotskór		
MÍÐJUST.	17 stk.	STEYPUT.	stk.
SEMENT	Portland	30,000kg	
SEMENT		kg	
ÍBL.EFNI		kg	
ÍBL.EFNI		kg	
TAFAEFNI	kg	EÐLISP. STEYPU	1,75
STEYPUTÆKI	jet mixari		
STEYPINGARTÍMI		48 mín	
EFTIRDÆLING.MAGN	2115	I TÍMI	4 mín
STEYPA KOM UPP		JÁ <input checked="" type="checkbox"/>	NEI <input type="checkbox"/>
DÝPI Á STEYPU UTAN RÖRA	bondað	400 m	
STEYPT UTAN MED EFTIR		h	
SEMENT	34,500 kg	ÍBL.EFNI	kg
SKORÐ OFAN AF EFTIR		h	
STEYPA BORUD EFTIR	ca	200 h	
DÝPI Á STEYPU Í RÖRI		755 m	
VERKTÍMI RÖR	STEYPA	TOPPUR	TAFIR ALLS
h	14		
ATH. Steyda No 1 stonnar í 400 m. Bondað og skotíð i 380 m. Steynt úr 25,5 t kom ekki upp, seig niður um 50 m. Bondað steyna í 115 m skotíð og steynt úr 9 t og bá kom hún upp loxins.			
Steynu tannar boraðir úr Tekið upp og öll steynan bonduð, virðist vera goð nema við skotgötin. Sjá nánar í steypuskýslu			

05.82.2020FDH

RÖRATALNING		
LENGD	NR ¹⁾	ALLS m
0,14	1	0,14
12,06	2	12,20
11,66	3	23,86
11,83	4	35,69
11,85	5	47,54
11,93	6	59,47
12,05	7	71,52
11,57	8	83,09
12,07	9	95,16
11,80	10	106,96
11,90	11	118,86
11,66	12	130,52
11,77	13	142,29
12,07	14	154,36
11,73	15	166,09
11,68	16	177,77
11,98	17	189,75
11,94	18	201,69
11,86	19	213,55
11,65	20	225,20
11,63	21	236,83
11,59	22	248,42
11,68	23	260,10
11,60	24	271,70

1) X=MÍÐJUSTILLAR. ÁVALLT ER TALIÐ FRÁ FLANGSI EÐA UPPHENGJU

Tafla 2 Mælingar í holu KHG-1. Annar áfangi

Dags.	Tími (kl)	Hvað mælt	Dýptarbil (m)	Athugas.
85,10,23		Hiti+dT+CCL	0-358	Vatnsæðar, botnfall
85.10.23		Vídd	0-358	Skápar
85.10.29	11:10-12:50	Hiti+dT+CCL	0-779	Í stöngum
85.10.29	17:30-18:00	Hiti+dT+CCL	0-787	Eftir upptekt
85.10.29	18:30-20:00	Vídd	0-780	Skápar
85.10.29	20:30-22:00	Nifteind+gamma	0-787	Jarðlög
85.10.29	22:00-23:00	Viðnám	0-787	Jarðlög
85.10.31	21:30-22:00	Hiti+dT+CCL	0-750	Upphitun
85.10.31	22:30-24:00	CBL	0-720	Steypuborð
85.11.01	02:10	Sprenging	395,8	8 egg sprengd
			-398,5	fyrir steypingu
85.11.01	03:50	Sprenging	378,35	8 egg sprengd
			-381,0	fyrir steypingu
85.11.06	14:00-14:30	Hiti+dT+CCL	0-363	Upphitun
85.11.06	14:40-15:30	CBL	0-350	Steypuborð
85.11.06	17:48	Sprenging	108,5	7 egg sprengd
			-110,45	fyrir steypingu
85.11.08	13:00-13:40	Hiti+dT+CCL	0-770	Upphitun
85.11.08	13:50-15:15	CBL	0-740	Steypugæði
85.11.08	15:20-16:00	Hiti+dT+CCL	0-770	Upphitun


15

JHD-BJ-8717-ÁES/GÓF
'85.10.1386-EK

Mynd 1

KOLVIÐARHÓLL HOLA KHG-I


Borun 12 1/4" holu



Mynd 1 Gangur borunar annars áfanga


JHD-BM-8717 GuH
85.11.1448 T

KOLVIDARHÖLL HOLA KHG-1
HITAMÆLING



15 JHD-BM-8717 GuH
85.11.1449 T

KOLVIÐARHÓLL HOLA KHG-1
VIÐDARMÆLING 1985.10.23




Mynd 3 Viðdarmæling 1985.1.23

JHD-BJ 877-GÓF/ÁES
'85.10.1385. EK

KOLVÍÐARHÓLL HOLA KHG-I
Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í borun

Mynd 4



Mynd 4 Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í borun

Basaltík breksía


Glerjað basalt

Ummynndað fin-meðalk. basalt

Ummynndað meðalgrotfk. basalt

I- JHD-BH-8717-BS/GuH
85.11.1407 T

KOLVIÐARHÓLL KHG-1
HITAMÆLINGAR




Mynd 5 Hitamæling 1985.10.29 inni í stöngum og 1985.10.29 eftir upptekt


I JHD-BJ-8717-GÓF/ÁES
'85.10.1387-EK

Mynd 6

I. Steyping 9 5/8" fóðringar í KHG-I



$$\begin{aligned}
 1/m \times m &= 1 & 100\% \text{ umfram} \\
 1) 7,4 \times 754 &= 5580 \\
 2) 38,2 \times 24 &= 917 \\
 3) 76 \times 13 &= 988 & 1976 \\
 4) 29 \times 550 &= 15950 & 31900 \\
 5) 34 \times 230 &= 7820 \\
 & \frac{31255/840}{48193/840} & = 37,2 \text{ to} = 57,4 \text{ to}
 \end{aligned}$$




Eftirdæling $9 \text{ cm} \times 235 \text{ l/cm} = 2115 \text{ l}$
Steypt var úr 30 tonnum af portland sementi á 28 mín. Afköst = 1,07 to/mín.
Steypa kom ekki upp

Steypa hreinsuð úr fóðringu


Steypuborð mældist á 400 m dýpi með CBL

Mynd 6 I. steyping 9 5/8" fóðringar



IS JHD-BM-8717 GuH
85.11.1443 T


KOLVIDARHOLL HOLA KHG-1
HITAMÆLINGAR



Mynd 7 Hitamæling 1985.10.31 eftir 1. steypingu og hitamæling
1985.11.06 eftir 2. steypingu

KOLVIDARHOLL HOLA KHG-1
CBL-MÆLINGAR 1. 2. ÁFANGA

JHD-BH-8717 GUH
85.11.1439 T



Mynd 8 CBL-mælingar 1985.10.31, 1985.11.06 og 1985.11.08

JHD-BM-87I7-HS
85.II.1456 OD

SPRENGINGAR I BORHOLU

1. Sýsla, kaupstaður ÁRNESSÝSLA		2. Hreppur ÖLFUSHREPPUR
3. Staður KOLVIÐARHÓLL		4. Hola nr. KHG-I
5. Dýpi.m 793 m	6. Fóðringar.m. þv.	7. Bortími

8. Ástand holu fyrir aðgerð

9. Verkkaupi H.R.	10. Tilgangur HRINGDÆLING	
II. Mælitoeki R - 50402	I2. Dagset. 85.II.01.	I3. Mælingamenn GuH. - HS. - Á.S.
I4. Núllpunktur á dýpi DRIFBORD Á GUFUBOR	I5. Skotstaður 395.8 - 398.5	I6. Fjöldi skota 8 EGG

17. Lýsing á sprengju

18. Ath.

SPRENGT KI. 02¹⁰

HRINGDÆLING TÓKST EKKI

I JHD-BM-87I7-HS
85.II.1454 'OD


SPRENGINGAR I BORHOLU

1. Sýsla, kaupstaður ÁRNESSÝSLA		2. Hreppur ÖLFUSHREPPUR
3. Staður KOLVIÐARHÓLL		4. Hola nr. KHG-I
5. Dýpi.m 793 m	6. Fóðringar.m. þv.	7. Bortími

8. Aðstand holu fyrir aðgerð

9. Verkkaupi H.R.	10. Tilgangur HRINGDÆLING	
II. Mælitöeki R - 50402	I2. Dagset. 85.II.01.	I3. Mælingamenn GuH. - HS. - Á.S.
I4. Núllpunktur á dýpi DRIFBORD Á GUFUBOR	I5. Skotstaður 37835 - 381.0	I6. Fjöldi skota 8 EGG

17. Lýsing á sprengju



18. Ath.


SPRENGT KI. 03⁵⁰

HRINGDÆLING TÓKST


JHD-BJ-8717-ÁES/GÓF
'85.11.1397- EK

Mynd 11


2. Steyping 9 5/8" fóðringar í KHG-1



$$\begin{array}{cccc}
 1/m & m & l & 50\% \text{ umfram} \\
 1) & 38,2 \times 50 = 1910 & & \\
 2) & 29 \times 150 = 4350 & 6525 & \\
 3) & 34 \times 230 = 7820 & & \\
 & 14080/840 & 16255/840 & \\
 & = 16,8 \text{ to} & = 19,4 \text{ to} &
 \end{array}$$



Steypt gegnum skotgöt á fóðringu á
 dýptarbilinu 381,0 - 378,4 m
 Eftirdæling 61 cm x 235 l/cm = 14335 l
 Steypt var úr 25,5 tonnum af portland
 sementi á 23 min.
 Afköst = 1,1 tonn/min.
 Steypa kom ekki upp
 Steypuborð mældist á 110 m dýpi með CBL
 Mynd 11 2. steyping 9 5/8" fóðringar



SPRENGINGAR I BORHOLU


JHD-BM-8717-HS
85.II.1455 OD

1. Sýsla, kaupstaður ÁRNESSÝSLA		2. Hreppur ÖLFUSHREPPUR
3. Staður KOLVIÐARHÓLL		4. Hola nr. KHG-1
5. Dýpi m 793 m	6. Fóðringar m. þv.	7. Bortími

8. Astand holu fyrir aðgerð

9. Verkkaupi H.R.	10. Tilgangur HRINGDÆLING	
II. Mælitöeki R - 50402	12. Dagset. 85.II.06.	13. Mælingamenn GuG - HS. - Á.S.
14. Núllpunktur á dýpi DRIFBORD Á GUFUBOR	15. Skotstaður 108.15 - 110.45 m	16. Fjöldi skota 7 EGG

17. Lýsing á sprengju




18. Ath.

SPRENGT KL. 17⁴⁸

HRINGDÆLING TÓKST

JHD-BH-8717 GuH
85.11.1444 T

KOLVIDARHÓLL HOLA KHG-1 HITAMÆLINGAR



Mynd 13 Hitamæling 1985.11.08 eftir 3. steypingu og hitamæling
1985.11.08 eftir 3. CBL-mælingu